

Samgöngunefnd Alþingis  
Nefndadeild  
Þórshamri  
150 Reykjavík  
b.t. nefndarformanns

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 120/2391*  
*komudagur 25/6 1996*

Reykjavík, 21.6.1996

### Varðar: Breyting á póstlögum

Eins og kunnugt er standa yfir umfangsmiklar breytingar á rekstrarformi Póst- og símamálastofnunar. Að miklu leyti eru þessar breytingar til komnar til að stofnunin geti betur mætt samkeppni, m.a. frá umbjóðanda mínum Póstdreifingu ehf. Þar sem póstmál á Íslandi eru umbjóðanda mínum nákominn óska ég eftir að gera alvarlegar athugasemdir við þá þróun sem þessar breytingar eru að taka og benda á hvernig verið er að koma í veg fyrir samkeppni á þessum markaði og hunsa ákvarðanir og álit Samkeppnisráðs.

Ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 8/1995 var svohljóðandi: „Með vísan til 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 mælir Samkeppnisráð fyrir um fjárhagslegan aðskilnað Póst- og símamálastofnunar annars vegar á þeirri pósthjónustu sem háð er einkarétti samkvæmt póstlögum nr. 33/1986 og hins vegar á annari pósthjónustu sem stofnunin innir af hendi. Skal þess gætt að pósthjónusta sem er háð einkarétti greiði ekki niður kostnað við aðra pósthjónustu. Fjárhagslegur aðskilnaður skal fara fram eigi síðar en 1. janúar 1996.” Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti síðan þennan úrskurð með þeirri breytingu einni að aðskilnaðurinn skyldi fara fram eigi síðar en 1. janúar 1997.

Póst- og símamálastofnunin er og hefur verið undir smásjá samkeppnisyfirvalda vegna tíðra samkeppnisbrota. Að mínu mati eru litlar líkur á því að það breytist og friður komi til með að ríkja á þessum markaði, án þess að skilið verði betur á milli samkeppnishluta stofnunarinnar og þess hluta sem starfar í skjóli einkaleyfis. Með nýlegri og fyrirhugaðri lagasetningu er að mínu mati ekki farið að fyrirmælum Samkeppnisráðs um fullan fjárhagslegan aðskilnað.

### Um 11. gr. laga um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar

Í 11. gr. laga um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar er áður nefndri ákvörðun Samkeppnisráðs mætt að nokkru leyti. Að mínu mati er of skammt gengið með því að aðskilja aðeins fjárreiður deilda og banna notkun fjármagns sem fæst frá einkaréttarþjónustu til lækkunar á þjónustu sem er í samkeppni. Nauðsynlegt er að aðskilja reksturinn á þann hátt að **stofnunin selji þeim hluta pósthjónustunnar sem er í samkeppni aðstöðu og þjónustu á verði sem stofnunin gæti boðið samkeppnisaðila**. Að öðrum kosti sitja aðilar ekki við sama borð og samkeppni skekkist. Þá tel ég óeðlilegt að samgönguráðuneyti sé falið að fylgjast með að þessi aðgreining fari rétt fram.

Samgönguráðuneytið hefur með öllum leiðum barist gegn samkeppni umbjóðanda míns og engin ástæða er til að ætla að það muni gera athugasemdir við ákvarðanir Póst- og símamálastofnunar um kostnaðarhlutdeild samkeppnisþjónustu í heildarrekstrarkostnaði. Mun eðlilegra er að fela viðskiptaráðherra eða Samkeppnisstofnun þetta eftirlit það sem það er beinlínis á sviði samkeppnislaga.

### Um frumvarp til breytinga á póstlögum (Þingskjal nr. 639)

Í 2. gr. frumvarpsins er sú tillaga gerð að ríkinu verði gefin einkaréttur á uppsetningu póstkassa. Hér er um að ræða útvíkkun á pósteinkaleyfinu en minna má á að breytingar af því tagi eru í andstöðu við þá þróun póstmála sem átt hefur sér stað í Evrópu undanfarin misseri. Í gildandi póstlögum er verið að koma í veg fyrir að aðrir aðilar setji upp kassa sem líkjast póstkössum sem síðan gæti valdið því að póstur misferst. Með frumvarpinu er hins vegar verið að girða fyrir að samkeppnisaðilar gætu notað söfnunarkassa til að safna pósti saman og er því bein hindrun á frjálsri samkeppni.

Í 3. gr. frumvarpsins er samgönguráðherra gefin heimild til að ákveða gjaldskrá fyrir flutning og dreifingu dagblaða, vikublaða og tímarita. Í dag er dreifing fyrir þennan sendingarflokk stórlega niðurgreiddur af tekjum frá einkaleyfisverndaðri starfsemi og var sú niðurgreiðsla stór þáttur í áður nefndri ákvörðun Samkeppnisráðs um fjárhagslegan aðskilnað. Ákvæði þetta sýnist mér vera til að opna fyrir áframhaldandi niðurgreiðslu á þessum sendingarflokki til að girða fyrir samkeppni um hann. Ákvæðið er því í beinni andstöðu við ákvörðun Samkeppnisráðs og skaðlegt samkeppni. Mörg dæmi eru um það að styrkur til útgefanda í formi niðurgreiddra burðargjalda hafi verið hærri en verð það sem umbjóðandi minn hefði getað boðið í dreifinguna. Telji þingmenn hins vegar rétt að styðja við blaða- og tímaritaútgáfu á Íslandi er eðlilegra að gera það með beinum og gagnsægjum styrkjum. Velji þingið að gefa ráðherra þetta vald tel ég ljóst af fenginni reynslu að hann mun misbeita því til að koma í veg fyrir samkeppni.

Það er von mín að samgöngunefnd taki fullt tillit til athugasemda minna og gleymi ekki þeim fyrirheitum sem atvinnulífinu voru gefin með setningu samkeppnislaga.

Sem lögmaður Póstdreifingar ehf. hef ég kynnst vel hvernig Póst- og símamálastofnun hefur reynt að hindra samkeppni á þessum markaði með aðferðum sem ekkert eiga skylt við eðlilega viðskiptahætti. Telji nefndin sig þurfa á einhverjum upplýsingum að halda um starfsaðferðir Póst- og símamálastofnunar mun ég fúslega afhenda gögn og veita þær upplýsingar sem þörf er á. Þá tel ég eðlilegt að nefndin leiti formlega eftir umsögn Póstdreifingar ehf. þar sem löggjöfin varðar fyrirtækið beint sem eina samkeppnisaðila Póst- og símamálastofnunar á sviði póstdreifingar.

Virðingarfyllst,



Hjörtur Bragi Sværnisson hdl.